

ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

Ársskýrsla 2020

Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir ár hvert styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá. Hælisleitendur eru þó undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Styrkir til íslenskukennslu eru veittir til viðurkenndra framhaldsfræðsluaðila er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- og framhaldsskólastigi, sem og fyrirtækja og stofnana sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku. Fyrirtæki eða stofnanir sem eru á fyrirtækjaskrá og ekki eru viðurkenndir framhaldsfræðsluaðilar þurfa að hafa samning við slíkan aðila sem annast kennsluna.

Starfsemi

Umsóknarfrestur til styrkja var 3. desember 2019. Alls bárust 23 styrkumsóknir fyrir námskeiðahald á árinu 2020 en af þeim voru 20 sem stóðust umsóknarskilyrði sjóðsins. Þessir 20 aðilar sóttu samtals um að halda 871 námskeið fyrir alls 12.800 nemendur. Heildarfjárbæiðniur námu alls 392,5 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals 143 m.kr. til námskeiðshalda á tímabilinu.

Niðurstaðan varð sú að 20 stofnanir fengu úthlutun til halda samtals 452 námskeið fyrir alls 4.886 nemendur á árinu 2020. Í lok árs náðu 15 þessara stofnana að uppfylla kröfur um tilskilinn nemenda- og námskeiðafjölda á árinu og fengu því úthlutaðan hámarksstyrk. Hinar tvær þurftu að þola hlutfallslega skerðingu á úthlutun.

Nánari útlistun á skiptingu úthlutunar til einstakra stofnana má sjá í meðfylgjandi töflu, aftast í þessu skjali.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraði, upplýsingagjöf til umsækjenda og greiðslur styrkja.

Nafn stofnunar	Fjöldi námsk.	Fjöldi nem.	úthlutun	Lokagreiðsla	Frávik %
Austurbrú	14	140	4.000.000	4.000.000	-
Betri árangur	12	156	4.000.000	4.000.000	-
Dagar hf.	3	30	800.000	320.000	60
Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	6	60	2.100.000	2.100.000	-
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	17	170	4.500.000	4.500.000	-
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	28	280	8.000.000	8.000.000	-
Jafnréttishús	17	170	4.500.000	1.800.000	60
MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	38	380	11.000.000	11.000.000	-
Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði	5	50	1.000.000	1.000.000	-
Mímir-símenntun	118	1180	35.000.000	35.000.000	-
Múltikúlti-Íslenska	30	300	9.000.000	9.000.000	-
Retor sf. Fræðsla	70	900	28.000.000	28.000.000	-
Saga-Akademía	18	180	5.400.000	5.400.000	-
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	4	45	1.200.000	1.200.000	-
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	15	180	5.000.000	5.000.000	-
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	12	120	3.500.000	3.230.000	8
Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	12	120	4.000.000	3.235.000	19
Tungumálaskólinn ehf.	20	250	6.500.000	4.000.000	-
Þekkingarnet Þingeyinga	12	120	4.000.000	4.000.000	-
Þjóðnustumiðstöð Breiðholts	4	45	1.500.000	0	100
			143.000.000	139.925.000	

Reykjavík 2. júlí 2021
 Skúli Leifsson, Rannís